Lögreglusamþykkt þessi, sem bæjarstjórn Keflavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919 um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftibreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin lögreglusamþykkt fyrir Keflavíkurkaupstað, nr. 121 4. júní 1953.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 15. desember 1980.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

12. desember 1980. Nr. 650.

REGLUGERÐ

fyrir hitaveitu Hafnarhrepps.

1. gr.
Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um Hitaveitu Hafnarhrepps, Höfn, Hornafirði.

2. gr.
Eignaraðild.

Hitaveitan er í eigu Hafnarhrepps.

Hitaveitan sér um að dreifa heitu vatni til neytenda. Dreifikerfi verður tvöfalt og vatnið verður hitað upp í kyndistöð. Rafmagnsveitur ríkisins eiga og reka kyndistöð og kaupir hitaveitan orku af þeim.

3. gr.
Stjórn hitaveitunnar.

Hreppsnefnd fer með stjórn hitaveitunnar. Hreppsnefnd getur kosið sérstaka hitaveitunefnd sér til ráðuneytis. Hreppsnefnd ræður starfsmenn sem sjá um daglegan rekstur.

4. gr.
Einkaleyfi hitaveitunnar.

Hitaveitan hefur einkaleyfi til dreifingar og sölu á heitu vatni innan lögsagnarumdæmis Hafnarhrepps.

5. gr.
Afnot orkunnar.

Sú orka sem hitaveitan lætur í té er ætluð til upphitunar húsa og almennra heimilisnota. Heimild hreppsnefndar þarf til annarrar notkunar varmaorkunnar. Óheimilt er að taka vatn af hringrásarkerfinu.

6. gr.
Kvöð um tengingu.

Þeim, sem húseign á við götu eða veg innan lögsagnarumdæmis Hafnarhrepps þar sem vatnsæð hitaveitu liggur, er skylt að láta tengja hitunarkerfi hússins við lögn hitaveitunnar. Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á.

7. gr.
Ábyrgð hitaveitunnar.

Hitaveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða á veitunni vegna frosta, rafmagnstruflana, náttúruhamfara eða annarra óviðráðanlegra atvika. Sama gildir ef rennsli í vatnsæð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerða og annarra nauðsynlegra framkvæmda hitaveitunnar.

Stöðvun á rekstri veitunnar eða hluta hennar vegna viðhalds og tenginga skal tilkynna fyrirfram ef unnt er og koma á eðlilegum rekstri svo fljótt sem verða má.

8. gr.
Uppdrættir og réttur til að annast hitalagnir og gerð uppdrátta.

Uppdráttur skal gerður af verkfræðingi eða tæknifræðingi. Ber hann ábyrgð á því að uppdráttur sé réttur og í samræmi við lög og reglugerðir sem um byggingarmál gilda.

Pípulagningarmeistarar, sem hlotið hafa viðurkenningu sveitarstjórnar hafa einir rétt til að annast hitalagnir. Þeir bera ábyrgð á að allar lagnir séu í samræmi við reglugerð þessa, önnur ákvæði sem um þetta gilda og samþykkta uppdrætti.

Ef skipt er um meistara, meðan á verki stendur skal það tilkynnt hreppsnefnd skriflega og lætur hún þá fara fram úttekt á þeim hluta verksins sem lokið er.

Óheimilt er að halda áfram verkinu fyrr en annar meistari hefur tekið við því.

9. gr.
Tenging við hitaveituna.

Áður en hitunarkerfi húsa er tengt hitaveitunni skal liggja fyrir uppdráttur samþykktur af byggingarfulltrúa og gildir það jafnt um eldri lagnir sem og um nýlagnir.

Ef uppdrættir eru ekki til af eldra húsakerfi, getur hitaveitan gefið undanþágu frá þessu ákvæði.

10. gr.
Eftirlit.

Eftirlitsmaður hreppsins, annast eftirlit með því að hitalagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og reglugerð. Hann skal hafa frjálsan aðgang að hitalögnum meðan á verki stendur. Engar hitalagnir má hylja fyrr en að fengnu leyfi eftirlitsmanns. Hann getur stöðvað verkið þar til bætt hefur verið úr því sem áfátt kann að vera.

11. gr.
Dælur á heimæðum.

Óheimilt er að tengja dælur við heimæðar nema gegn skriflegu leyfi hreppsnefndar.

12. gr.
Gjaldskrá.

Hreppsnefnd setur hitaveitu Hafnarhrepps sérstaka gjaldskrá samkvæmt 29. gr. Orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hafnarhrepps og sett samkvæmt Orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 12. desember 1980.

Hjörleifur Guttormsson.

Páll Flygenring.